

Nd.

44. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 126 1943 skal orða svo:

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrir-mælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 auro af hverjum lítra, skal innheimta 5 auro innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1946 til ársloka 1947. Ákvæði nefndra laga, nr. 84 1932, gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa við-bótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

1. málsgr. 2. gr. sömu laga skal orða svo:

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $\frac{3}{5}$ hlut-um til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að $\frac{2}{5}$ til brúargerða, og skal fyrst smíða brú á Jökulsá á Fjöllum, en þar næst brú á Jökulsá í Lóni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal ráðstafa samkvæmt þeim því innflutnings-gjaldi af benzíni, sem innheimt er eftir 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þær breytingar frá eldri lögum, að framlengja skuli um næstu tvö ár skatt þann, sem rennur til brúarsjóðs, og að byggð verði brú á Jökulsá í Lóni fyrir fé úr sjóðnum, þegar lokið er smíði brúarinnar á Jökulsá á Fjöllum.

Þegar sett voru lög þau, er nú gilda um þetta efni, var þegar ákveðið, að fyrst skyldi byggja brú á Jökulsá á Fjöllum fyrir fé úr brúarsjóði. Nú mun hafa safnast í sjóðinn nokkuð á aðra milljón króna. Má ætla, að það fé nægi fyrir brúna á Jökulsá á Fjöllum samkvæmt því, sem ákveðið er í lögnum. Efni í þá brú mun nú fán-

legt, enda ákveðið að byggja hana næsta sumar. Er því tímabært að setja nú ákvæði um að undirbúa aðrar framkvæmdir með sama hætti.

Jökulsá í Lóni er, eins og öllum mun kunnugt, ein af stórám þessa lands. Hún er mesti farartálminn á þjóðveginum milli Hornafjarðar og Austurlands. Koma þær vegabætur, sem gerðar eru á því svæði, aldrei að fullum notum sem örugg samgönguleið milli héraða, fyrr en Jökulsá hefur verið brúuð. Sú brú er því nauðsynlegur þáttur í vegakerfi landsins.

Jökulsá klýfur Lónssveitina. Augljóst er, að slíkt vatnsfall torveldar stórkostlega samskipti og félagslíf hreppsþúa. Meiri hlutinn af bændum sveitarinnar býr austan árinna. Verzlunarviðskipti þeirra eru öll bundin við Hornafjörð, enda eru þeir einangraðir að austanverðu af Lónsheiði. Þeir verða því að sækja yfir Jökulsá með alla aðdrætti til heimilanna, fjárrekstra til slátrunar o. s. frv. Liggur í augum uppi, hve mikla örðugleika það skapar, og verður aldrei á þeim sigrazt að fullu á annan hátt en að brúa Jökulsá.

Vegamálastjórnin hefur þegar athugað brúarstæðið á ánni.